

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.
Ársreikningur 2025

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.
Grénásbraut 910
262 Reykjanesbær
Kt. 500507-0550

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Rekstur ársins 2025 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 287 millj. kr. á árinu 2025 og lækkuðu um 330 millj. kr. milli ára eða um 53%. Hagnaður félagsins á árinu 2025 nam 25 millj. kr. (2024: tap 64 millj. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok nam 202 millj. kr. (2024: 177 millj. kr.) að meðöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 0,5 millj. kr.

Á árinu var gengið frá sölu húsnæðis félagsins að Grænásbraut 910 til Reykjanesbæjar en við söluna voru allar skuldbindingar félagsins gerðar upp, þ.m.t. langtímalán, skuldbindingar sem félagið tók yfir við gjaldprot dótturfélagsins Iceland Aviation Academy ehf. (IAA) frá árinu 2024 sem og greiðslu til nemenda IAA. Félagið leigði aðstöðu í húsnæðinu á meðan leitað var að framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi.

Á árinu var samið við Háskóla Íslands um yfirtöku á kennslu Háskólabrúar Keilis í samræmi við viljayfirlýsingu sem kynnt var á aðalfundi félagsins í maí. Allt starfsfólk Keilis fluttist til háskólans um áramót og mun háskólinn reka háskólabrunna og undirbúningsnám fyrir inntökupróf héðan í frá. Gengið var frá samningi um leiguhúsnæði að Keilisbraut 773 sem Háskóli Íslands leigir. Starfsemi Háskólabrúar Keilis verður því áfram á Ásbrú í rekstri hjá Háskóla Íslands.

Þar sem öll starfsemi og starfsfólk Keilis hefur verið færð í annan farsælan farveg og eignir félagsins seldar er unnið að undirbúningi að slitum félagsins í samræmi við umræðu á síðasta aðalfundi. Gengið hefur verið frá skilum á gögnum félagsins til Þjóðskjalasafns í samræmi við lög um opinber skjalasafn en Keilir er skilaskyldur aðili samkvæmt þeim. Stefnt er að því að tillaga um slit félagsins verði lögð fyrir næsta aðalfund félagsins. Áður en til þess kemur verða fjármunir sem innheimtir hafa verið vegna kennslu á vormisseri færðir til Háskóla Íslands þar sem háskólinn hefur tekið yfir kennsluna. Eftirstandandi fjármunir eftir slitameðferð verða greiddir hluthöfum við skiptalok, verði samþykkt á aðalfundi að slíta félaginu.

Hluthafar í árslok voru sex líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2025 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

Eignarhluti

Ríkissjóður Íslands	51,28%
Reykjanesbær	33,93%
Suðurnesjabær	6,23%
Grindavíkurbær	6,16%
Sveitarfélagið Vogar	2,27%
Keilir - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	0,13%

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Samkvæmt samþykktum félagsins skal hagnaði félagsins varið til reksturs og innri vaxtar er arðgreiðsla því ekki heimil.

Stjórn félagsins er skipuð þrem aðilum sem eru kjörnir til eins árs í senn. Núverandi stjórn er skipuð tveimur körlum og einni konu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjanesbær, 30. apríl 2026

Stjórn:

*Jón Björgvin Stefánsson
Guðmundur Axel Hanssen
Valgerður Björk Pálsdóttir*

Framkvæmdastjóri:

Berglind Kristjánsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundinum 30. apríl 2026 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreiknings.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjanesbær, 30. apríl 2026

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur af kennslu og rannsóknum		270.216.800	567.280.650
Styrkir og aðrar tekjur	7	16.685.734	49.400.606
		<u>286.902.534</u>	<u>616.681.256</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla	8	216.379.639	378.037.342
Annar rekstrarkostnaður		54.881.722	80.461.776
Afskriftir	9	1.230.536	37.297.380
		<u>272.491.897</u>	<u>495.796.498</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		14.410.637	120.884.758
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		15.136.086	964.213
Vaxtagjöld og verðbætur		(6.575.129)	(54.136.853)
		<u>8.560.957</u>	<u>(53.172.640)</u>
Áhrif dótturfélaga		0	(131.900.849)
Hagnaður (tap) ársins	13	<u><u>22.971.594</u></u>	<u><u>(64.188.731)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	0	881.466.450
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	2.000.000	2.000.000
Fastafjármunir		2.000.000	883.466.450
Viðskiptakröfur		479.500	1.958.566
Aðrar skammtímakröfur		1.053.000	2.558.911
Handbært fé		246.084.966	33.997.762
Veltufjármunir		247.617.466	38.515.239
Eignir samtals		249.617.466	921.981.689
Eigið fé			
Hlutfé	12	500.000	500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	125.000
Endurmatsreikningur		0	306.723.113
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé		199.181.779	(130.512.928)
Eigið fé	13	199.806.779	176.835.185
Skuldir			
Langtímaskuldir		0	526.223.267
Langtímaskuldir		0	526.223.267
Viðskiptaskuldir		1.619.215	9.694.405
Skuld við Háskóla Íslands vegna yfirfærslu náms	15	21.177.000	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda		0	100.441.147
Fyrirframinnheimtar tekjur	14	0	65.993.526
Aðrar skammtímaskuldir		27.014.472	42.794.159
Skammtímaskuldir		49.810.687	218.923.237
Skuldir samtals		49.810.687	745.146.504
Eigið fé og skuldir samtals		249.617.466	921.981.689

Sjóðstreymisýfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Innheimt frá viðskiptamönnum		223.893.985	611.902.099
Greiðslur til viðskiptavina		(283.906.351)	(497.797.130)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti		(60.012.366)	114.104.969
Innheimtar vaxtatekjur		15.136.086	964.213
Greidd vaxtagjöld og verðbætur		(6.575.129)	(54.136.853)
Reiknaðar áfallnar verðbætur		0	24.665.791
Handbært fé (til) frá rekstri		(51.451.409)	85.598.120
Fjárfestingarhreyfingar			
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		890.203.027	0
Kröfur á tengda aðila, breyting		0	(4.468.872)
Fjárfestingarhreyfingar		890.203.027	(4.468.872)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(626.664.414)	(12.744.857)
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	(34.884.811)
Fjármögnunarhreyfingar		(626.664.414)	(47.629.668)
Hækkun á handbæru fé		212.087.205	33.499.581
Handbært fé í ársbyrjun		33.997.762	498.182
Handbært fé í árslok		246.084.966	33.997.762

Skýringar

1. Félagið

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Grænásbraut 910 í Reykjanesbæ. Starfsemi félagsins felst í rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar. Félagið ber takmarkaða skattskyldu.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign félagsins var færð til eignar á markaðsvirði í árslok 2024. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum og virðisrýrnun.

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

7. Styrkir og aðrar tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

	2025	2024
Söluhagnaður fastafjármuna	9.967.113	0
Styrkir	0	5.901.274
Matarsala og önnur sala	25.136	670.682
Húsaleiga og stoðþjónusta	2.251.986	37.838.400
Aðrar tekjur	4.441.499	4.990.250
Aðrar tekjur samtals	16.685.734	49.400.606

8. Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla greinast þannig:

	2025	2024
Laun	165.544.410	269.231.882
Mótframlag í lífeyrissjóð	22.270.873	36.503.004
Önnur launatengd gjöld	15.702.581	25.909.340
Aðkeypt kennsla	12.861.775	46.393.116
Laun og launatengd gjöld samtals	216.379.639	378.037.342
Ársverk	14,7	24,7

Skýringar

9. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2025	2024
Afskriftir óefnislegra eigna	0	4.568.268
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sbr. Skýr. 10	1.230.536	32.729.112
	1.230.536	37.297.380

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2024.....	993.567.272	86.499.414	1.080.066.686
Viðbót á árinu	(78.194.079)	0	(78.194.079)
Selt á árinu	0	(37.770.493)	(37.770.493)
Heildarverð 31.12.2024.....	915.373.193	48.728.921	964.102.114
Selt og niðurlagt á árinu	(915.373.193)	(19.208.666)	(964.102.114)
Heildarverð 31.12.2025.....	0	0	0
Afskrifað samtals 1.1.2024.....	21.257.564	66.419.481	87.677.045
Afskriftir færðar út við sölu	0	(37.770.493)	(37.770.493)
Afskriftir ársins	19.115.629	13.613.483	32.729.112
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	40.373.193	42.262.471	82.635.664
Afskriftir færðar út við sölu	(40.373.193)	(13.972.752)	(83.866.200)
Afskriftir ársins	0	1.230.536	1.230.536
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	(0)	(0)	(0)
Bókfært verð 31.12.2024.....	875.000.000	6.466.450	881.466.450
Bókfært verð 31.12.2025.....	0	0	0
Afskriftahlutföll	0%-8%	0%-33%	

11. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2025		2024	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhlutir færðir á kostnaðarverði	7%	2.000.000	7%	2.000.000
		<u>2.000.000</u>		<u>2.000.000</u>

12. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 0,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

13. Yfirlit eiginfjárreikninga í þús. kr.

	Hlutfé	Endurmats-reikningur	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	370.500	403.965	13.333	(468.580)	319.218
Áhrif endurmats fasteignar		(97.242)		19.048	(78.194)
Lækkun hlutfjár	(370.000)			370.000	0
Tap ársins				(64.189)	(64.189)
Fært úr lögbundnum varasjóð ...			(13.208)	13.208	0
Eigið fé 31.12.2024.....	500	306.723	125	(130.513)	176.835
Áhrif endurmats fasteignar		(306.723)		306.723	0
Hagnaður ársins				22.972	22.972
Eigið fé 31.12.2025.....	500	0	125	199.182	199.807

Skýringar

14. Fyrirframinnheimtar tekjur

Á samanburðar ári er fært á meðal fyrirframinnheimtra tekna greiðslur til nemenda IAA sem Keilir greiddi í janúar 2025.

15. Skuld við Háskóla Íslands vegna yfirfærslu náms

Á árinu var samið við Háskóla Íslands um yfirtöku á kennslu Háskólabrúar Keilis, vegna þessa er fært á meðal skammtímaskulda 21,2 millj.kr. um er að ræða skólagjöld sem Keilir hefur innheimt fyrir hönd Háskóla Íslands.

16. Önnur mál

Leigusamningi vegna flugskýlis á Keflavíkurflugvelli sem félagið gerði fyrir hönd IAA var sagt upp á árinu 2023. Í kjölfarið leitaðist utanríkisráðuneytið sem er eigandi skýlisins eftir því að Keilir viðurkenndi viðbótargreiðslu vegna viðhalds á skýlinu. Samkvæmt lögfræðiáliti hafði sú krafa ekki rétt á sér og hefur ekki verið gerð frekari krafa frá ráðuneytinu.